

- **Segðu frá því hvers vegna þú valdir þetta verkefni.**

Ég valdi að skrifa um Hjallastefnuna því ég þekki hana svo vel, eftir að hafa verið nemandi þar frá 7 – 12 ára aldurs og svo hef ég verið að vinna á leikskólum á vegum stefnunnar.

- **Er einhver hugmyndafræði að baki verkefninu, hver er hún? Hér er m.a. átt við hvort eitthvað þema sé í verkefninu.**

Þemað sem er í verkefninu er Hjallastefnan og hvernig hún notar öðruvísi leiðir í námi og hvernig er komið fram við nemendurna. Hugmyndafræði Hjallastefnunnar er að það þarf að þroska börn út frá þeirra eigin einkennum eins og aldri, kyni, getu o.fl. Og það er áhersla á rósemi og núíð og svo sköpun og ímyndunarafli. Hjallastefnan leggur áherslu á jafnrétti og af því að við erum í svo föstum kynjahlutverkum í samfélaginu okkar þá þurfi líka að styrkja ákveðna eiginleika sérstaklega hjá stúlkum og drengjum. Það eru litlir bekkir sem eru kynjaskiptir, þannig að drengir sér og stúlkur sér. Það er gert til að styrkja bæði kynin í því sem þau læra ekki endilega í okkar samfélagi, þ.e. að drengir eru með meiri læti og stúlkur hlédrægari, þannig eru stúlkur styrktar í að vera hugrakkar og áræðnar og drengir styrktir í að sýna umhyggju og rósemi. T.d. eru gerðar kjarkæfingar fyrir stúlkur til að láta þær sigrast á óttanum og það eru kenndar sérstakar leiðir fyrir drengi til að haga sér almennilega. Síðan á föstudögum er söngfundur og þá er stúlkur og drengir blandað saman (alltaf sami aldur samt). Svo eru líka blandaðir tímar þar sem stúlkum og drengjum er kennt að vinna saman.

- **Líkist verkefnið einhverju sem þú hefur séð eða heyrt af? Hver var innblásturinn?**

Verkefnið líkist skólanum sem ég var í Garðabæ sem er á vegum Hjallastefnunnar. Innblásturinn var sá að mér leið vel í grunnskólanum hjá Hjallastefnunni og svo hef góða reynslu þaðan frá því að vinna á leikskóla á vegum stefnunnar.

- **Hvernig var vinnunni við verkefnið háttað? Hér má fara vel í saumana á því hver helstu skrefin voru við að vinna verkefnið.**

Helstu skrefin í verkefninu voru að finna hugmynd um hvað ætti að skrifa, að búa til rannsóknarspurningu og tilgátur, að finna þátttakendur og fá samþykki, að lesa um Hjallastefnuna og skrifa fræðilega kaflann, að skrifa spurningar og fá upplýsingar frá þátttakendum, að vinna úr svörunum og svo að skrifa alla kaflana og fara yfir allt saman þegar þetta var búið.

Vinnunni við verkefnið var þannig háttað af því að mig langaði að athuga hvaða áhrif Hjallastefnan hefði á fólk þá gerði ég rannsóknarspurningu og valdi mér hópa til að spyrja. Hóparnir voru fyrrum nemendur, foreldrar, núverandi og fyrrverandi starfsfólk. Svo bjó ég til tilgátur sem mig langaði til að sanna fyrir hvern hóp. Ég samdi spurningalista til að senda á hópana til að fá þeirra álit og upplifun á Hjallastefnunni. Ég skoðaði hverjir gætu verið þátttakendur og myndu geta svarað spurningunum og gerði þátttakendalista yfir fólk sem ég spurði hvort það vildi taka þátt. Þetta var allt fólk sem ég þekkti úr mínum tíma hjá Hjallastefnunni, annað hvort í skólanum eða í vinnunni í leikskólanum. Flestir vildu vera með, en ef það vantaði þá leitaði ég að öðrum, því ég vildi hafa a.m.k. fimm í hverjum hópi. Áður en ég sendi spurningarnar las ég um Hjallastefnuna á vef stefnunnar og líka í bókunum hennar Margrétar Pálu, sem er hugmyndasmiður og stofnandi Hjallastefnunnar og skrifaði í fræðilega kaflanum. Ég fékk bækurnar á Borgarbókasafninu og svo eina hjá leiðbeinandanum mínum. Svo leitaði ég líka á Skemmunni og fann rannsóknir sem voru gerðar um Hjallastefnuna og skoðaði hvað kom út úr þeim og tengdist rannsóknarspurningunni minni og tilgátunum og skrifaði um það. Svo fór ég aftur yfir spurningarnar og lagaði aðeins til að svörin gætu passað við rannsóknarspurninguna og svarað tilgátunum. Eftir það þá sendi ég spurningarnar til þátttakenda og gaf frest til að skila. Flestir skiluðu fljótt, en ég þurfti aðeins að ýta á eftir nokkrum. Síðan setti ég svörin í skjal og vann úr þeim og setti þau svo í aðal ritgerðarskjalið. Ég skoðaði hvernig svörin pössuðu við rannsóknarspurninguna og tilgátunarnar og skrifaði niðurstöðu- og umræðukaflann. Leiðbeinandinn minn hjálpaði með að koma með ábendingar um heimildir og hvað ég skrifaði á fundunum sem við áttum saman á verkefnatímanum, lesa yfir og lét mig hafa *Handbók leikskóla* til að lesa í og nota í

verkefninu. Mamma var líka dugleg að hjálpa mér og leiðbeina, hún las yfir og kom þannig með ábendingar og hjálpaði mér líka að finna heimildir.

- **Skrifaðu lýsingu á verkefninu sjálfu.**

Verkefnið fjallar almennt um Hjallastefnuna og hvernig áhrif hún hefur á fólk sem kynntist henni í skóla eða vinnu. Það skiptist í nokkra kafla sem eru Inngangur, Hjallastefnan, Hvað segja rannsóknir, Aðferðafræði, Niðurstöður, Umræða og Lokaorð. Svo er heimildakafla og viðaukar.

Í innganginum er kynning á verkefninu, þar er sagt frá af hverju ég valdi þetta efni, rannsóknarspurningunni og tilgátunum.

Fræðilegi þátturinn er í köflunum um Hjallastefnuna og rannsóknirnar. Í köflunum er fjallað um hugmyndafræðina og vitnað er í bækur, vefsíðu og rannsóknir.

Í kaflanum um aðferðafræði er sagt hvaða aðferð ég notaði sem var eigindaleg rannsóknáaðferð og það var gerð spurningakönnun til að fá upplýsingar til að svara rannsóknaspurningunni og sanna tilgátunna. Þar er líka sagt frá því hvernig ég framkvæmdi verkefnið og hvernig ég vann úr niðurstöðunum.

Í niðurstöðukaflanum er sagt frá svörum þátttakenda flokkað eftir hópum og þau borin saman við rannsóknaspurninguna og tilgátunna. Í honum kemur fram álit fyrrum nemenda, foreldra, fyrrverandi og núverandi starfsfólks á Hjallastefnunni.

Í umræðukaflanum er sagt að það er ávallt mikið um jákvæðni í Hjallastefnunni, alveg sama hvort það voru fyrrum nemendur, fyrrverandi starfsfólk eða núverandi starfsfólk og foreldrar. Næstum öllum þátttakendum fannst Hjallastefnan almennt hafa hjálpað sér bæði í lífinu og starfinu tengt kennslu á jákvæðni, virðingu, kærleika og vináttu. Þau voru líka nokkuð sammála um að það mætti hafa fleiri Hjallastefnuskóla. Það er líka sagt að rannsóknin var takmörkuð (fáir skólar, fáir þátttakendur sem ég þekkti næstum alla) og þess vegna ekki hægt að segja hvort hún gildir fyrir alla Hjallastefnuskóla, en það bendir samt til þess.

Niðurstöðurnar svara rannsóknarspurningunni og sanna tilgátunna að mestu leyti. Ástæðan er sú að þær benda til að Hjallastefnan hafi haft jákvæð áhrif á fólkið sem

kynnist henni og það má álykta að hún hafi jákvæð áhrif á samfélagið líka, vegna þess að jákvætt fólk býr til jákvætt samfélag.

Það er ekki hægt að alhæfa um niðurstöðurnar því ég þekkti alla sem tóku þátt og það voru bara einn leik- og grunnskóli, sem sagt ekki valið af handahófi úr mörgum skólum.

Í lokaorðunum er sagt frá að þrátt fyrir að rannsóknin hafi verið með takmörkuðum hópi þátttakenda úr fáum skólum voru svörin við rannsóknaspurningunni góð og það kom góð mynd af hvernig þátttakendum leið eftir reynslu sína hjá Hjallastefnunni. Tilgáturnar voru líka sannaðar að mestu leiti.

Lærdómurinn fyrir mig er sá að það var smá erfiði að semja spurningalistana sem gefa skýr svör við rannsóknaspurningunni og tilgátunum, án þess að það kæmi endurtekning eða eitthvað vantaði. Svo líka að það þarf að skipuleggja sig mjög vel þegar maður vinnur svona verkefni.

Í heimildaskránni er listi yfir allar heimildir sem voru notaðar í verkefninu, bækur, ritgerðir og vefsíður.

Í viðaukum eru spurningalistarnir fyrir hópana og svo tímaáætlunin fyrir verkefnið.

Ég var sjálf mjög ánægð með að hafa verið í grunnskóla hjá Hjallastefnunni og finnst það hafa rosaleg góð áhrif á lífið mitt. Ég hef líka unnið sem sumarstarfsmaður og í fríum á leikskóla hjá Hjallastefnunni í Garðabæ, mér líkar það vel og stefni síðan að vinna þar áfram eftir að ég er búin í skólanum núna í vor. Mér fannst verkefnið mjög skemmtilegt, sérstaklega af því að ég þekki svo vel til Hjallastefnunnar og flestir voru svo jákvæðir að taka þátt.